

Sjötti fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s.

Haldinn 17. sept. 2013 kl. 8:30 á bæjarskrifstofu
Hveragerðisbæjar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson Drífa Kristjánsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir. Drífa ritaði fundargerðina.

Dagskrá fundarins.

- Stofnskrá og erindisbréf fagráða stofnana,
- Heimasíða Héraðsnefndarinnar bs.
- Alviðra.
- Haustfundur Héraðsnefndarinnar.

1. Erindisbréf og stofnskrár stofnana.

- Farið var yfir tillögu um stofnskrá Listasafns Árneseinga. Samþykkt. Rætt um starfslýsingu og minnt á mikilvægi þess að starfslýsingar séu gerðar.
- Farið var yfir tillögu um stofnskrá Byggðasafns Árneseinga. Samþykkt að hafa samræmi í erindisbréfum og stofnskrám að fjárhagsáætlanir þurfi að berast framkvæmdastjórn 1. október ár hvert.
- Tillaga að erindisbréfi fyrir fagráð Héraðsskjalasafns Árneseinga. Samþykkt.
- Tillaga að erindisbréfi fyrir fagráð Byggðasafns Árneseinga lesin yfir og samþykkt.
- Tillaga að erindisbréfi fyrir fagráð Tónlistarskóla Árneseinga var tekin fyrir á síðasta fundi og samþykkt.
- Tillaga að erindisbréfi fyrir fagráð Byggðasafnsins var kynnt á fyrri fundum og samþykkt.
- Tillaga að erindisbréfi fyrir fagráð Listasafns Árneseinga og Brunavarna Árneseinga verður tekið fyrir á næsta fundi.

2. Heimasíða Héraðsnefndarinnar

- Þorsteinn Tryggvi Músson forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins mætti á fundinn. Hann hefur tekið vel í óskir framkvæmdastjórnar um að hann taki að sér að koma efni inná heimasíðu Héraðsnefndarinnar. Umræða varð um hvað á að setja inná síðuna og hvort eigi að poppa hana upp o.fl. Nauðsynlegt er að koma nýjustu gögnum inná síðuna og gott að setja inn fundargerðirnar. Áriðandi er að allar stofnanir sendi Þorsteini fundargerðir sínar, fjárhagsáætlanir og ársreikninga. Mikilvægt er að koma gögnum til Þorsteins, netfang hans er: thorsteinn@heradsskjalasafn.is Óvinnandi er að þurfa að leggja mikla vinnu í að kalla eftir gögnum. Þorsteinn mun hafa samband við þá sem hönnuðu heimasíðuna og hafa uppfært hana. Þorsteinn vék af fundi (kl. 9:40)

3. Alviðra. Ekki hefur náðst að boða fund vegna Alviðru.

4. Haustfundur Héraðsnefndarinnar á Hótel Geysi.

- Haustfundurinn mun hefjast kl. 10:00 á fimmtudeginum 17. október með umræðum um starfsemi og fjárhagsáætlun stofnana og fá forstöðumenn stofnananna inn á

fundinn. Ari tók að sér að gera tillögu um röðun á því hvenær stofnanirnar koma og kynna starfsemi sína og fjárhagsáætlanir. Hann tók líka að sér að senda póst á framkvæmdastjóra sveitarfélaganna og láta vita af dagsetningu fundarins og biðja fólk um að láta vita hvort það ætlaði að gista á Geysi.

5. **Fundir framundan hjá framkvæmdastjórn:** Ákveðið var að halda næsta fund framkvæmdastjórnar þriðjudaginn 1. október kl. 15:30. Einnig var ákveðinn fundur þriðjudaginn 8. október kl. 8:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Ari B. Thorarensen

Aldís Hafsteinsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Drífa Kristjánsdóttir